



Mannréttindaráð

Reykjavík, 31. mars 2025

MSS24060082

Efni: Hvatningarbréf til dómsmálaráðuneytisins og mennta- og barnamálaráðuneytis um eflingu samfélagslögreglu

Hjálagt er samhljóma hvatningarbréf mannréttindaráðs til dómsmálaráðuneytisins og mennta- og barnamálaráðuneytis um eflingu samfélagslögreglu. Hvatningin er send sbr. aðgerð 46 í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi sem samþykkt var í borgarstjórn 21. janúar sl.

Óskað er eftir að hvatningarbréfið sé lagt fram á fundi mannréttindaráðs til staðfestingar.

Virðingarfyllt,
Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt: Hvatningarbréf



Reykjavík, 31. mars 2025

MSS24060082

Dómsmálaráðuneytið
b.t. dómsmálaráðherra
dmr@dmr.is

Efni: Hvatning til ríkisins um að efla samfélagslögregluna á höfuðborgarsvæðinu

Reynslan af starfi samfélagslögreglu í borginni og á höfuðborgarsvæðinu hefur skilað miklum árangri. Samfélagslögreglan nær að byggja upp traust og skapa tengsl m.a. við börn og ungmenni en einnig við aðra hópa sem stundum eru nefndir jaðarhópar. Starf samfélagslögreglunnar hefur verið eflt á síðustu misserum en það er álit þeirra sem vinna með börnum og ungmennum að það sé full ástæða til að efla hana enn frekar. Á tímum þar sem ýmis teikn eru á lofti í þá veru að ofbeldi meðal barna og ungmenna sé að færast í aukana er mikilvægt að leggja áherslu á þessa tegund löggæslu. Mannréttindaráð hvetur ráðuneytið til að efla þessa tegund löggæslu. Þessi hvatningarorð tengjast aðgerð 46 í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi sem samþykkt var í borgarstjórn 21. janúar 2025, en hún er eftirfarandi:

Aðgerð 46

Starf samfélagslögreglu verði eflt

Borgin óskar eftir að ríkisvaldið veiti langtímafjármagni til eflingar samfélagslöggæslu þannig að samfélagslögreglumenn verði á öllum lögreglustöðvum höfuðborgarsvæðisins til að efla jákvæð tengsl við borgarbúa og þá sérstaklega börn og ungmenni. Samfélagslögreglumenn séu sýnilegir, hafa frumkvæði að samskiptum og byggja upp traust.

Markmið: Að auka tengsl og traust á milli almennings og lögreglu.

Ábyrgð: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Beiðni um eflingu komi frá borgaryfirvöldum/mannréttinda- og ofbeldisvarnaráði.

Tímarammi: 2025-2027.

Kostnaður: Verði hluti af fjárhagsramma Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Reykjavíkurborg er reiðubúin til samstarfs og samráðs um góð mál á þessum vettvangi enda leggur borgin mikla áherslu á ofbeldisvarnarmál í öllu sínu starfi og vonast til að vel sé tekið í erindi þetta.

Fyrir hönd mannréttindaráðs,

Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Samrit: Mennta- og barnamálaráðuneyti